

Skálholt:

Kór Sankt Annae-menntaskólans

Kór Sankt Annae-menntaskólans í Kaupmannahöfn heldur tónleika í Skálholtskirkju á morgun kl. 17.00. Á efnisskránni er kirkjuleg tónlist.

Kórinn hefur dvalist á Íslandi upp á síðkastið, fyrst á Akureyri, þar söng hann í kirkjunni, og nú síðustu daga í Reykjavík. Kórinn telur um 200 manns og mun vera stærsti kór Norðurlanda. Tæplega 150 kórfélagar taka þátt í Íslandsferðinni. Hann heldur af landi brott á sunnudaginn.

Þjóðminjasafnið:

Íslenskar hannyrðir í Bogasal

Nú stendur yfir í Bogasal Þjóðminjasafnsins sýning á verkum íslenskra hannyrðakvenna og nefnist hún „Með silfurbjarta nál". Þar getur að líta verk eftir rúmlega 40 konur sem uppi voru frá því á 12. öld og fram undir síðustu aldamót. Á sýningunni er leitast við að draga fram helstu einkenni hinnar íslensku útsaumshefðar. Mjög vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út og er í henni meðal annars að finna ævigrip allra þeirra kvenna sem verkin á sýningunni eru eftir.

Sýningin er opin daglega frá kl. 13.30 til 16.00 fram í október.

Listasafn Háskóla Íslands:

Nútímaverk íslenskra listamanna

Listasafn Háskóla Íslands í Odda (nýbyggingu Háskólans beint upp af Norræna húsinu) sýnir 90 verk úr safni sínu. Um er að ræða úrval af nútímaverkum safnsins sem öll eru eftir íslenska listamenn.

Sýningin er opin daglega frá kl. 13.30 til 17.00. Aðgangur er ókeypis en sýningarskrá má fá keypta hjá gæslukonu á staðnum. Sýningin mun standa fram í september.



„Þjóðsaga" eftir Jón Reykdal.

Kjarvalsstaðir:

Jón Reykdal

Jón Reykdal opnaði um síðustu helgi sýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Á sýningunni eru 65 verk, þurrkrítarmyndir og olíumálverk unnin á síðustu tveim árum.

Þetta er þriðja einkasýning Jóns og sú stærsta til þessa. Henni lýkur 15. september.

Listasafn Einars Jónssonar:

Listasafn Einars Jónssonar:

Listasafn Einars Jónssonar er opið alla daga nema mánudaga í sumar, frá kl. 13.30 til 16.00.

Höggmyndagarðurinn er opinn daglega frá kl. 11.00 til 17.00.

Sædýrasafnið:

Dýrin mín stór og smá

Sædýrasafnið verður opið um helgina eins og alla daga frá kl. 10.00 til 19.00.

Meðal þess sem er til sýnis eru háhyrningar, ljón, ísbjörn, apar, kindur og fjöldi annarra dýra stórra og smárra.

SAMKOMUR

Norræna húsið:

Kammerkór Sankt Annae

Í kvöld kl. 20.30 verða tónleikar í Norræna húsinu 30 til 40 manna kammerkórs, skipaður kórfélögum úr Sankt Annae kórnum danska sem staddur er hér á landi.

Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir W. Stenhammer, L. Bernstein, Sv. S. Schultz og V. Holmboe. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Ölkeldan:

Þjóðlagakvöld

Grétar, Matti og Wilma munu sjá gestum Ölkeldunnar við Laugaveg fyrir fjörugri þjóðlagatónlist næstu föstudags- og laugardagskvöld.

Tónlistin er margvísleg en írsk, skosk, norræn og slavnesk þjóðlög verða mest áberandi.

Skíðaskálinn í Hveradölum:

50 ára afmæli skálans

Skíðaskálinn í Hveradölum heldur um þessar mundir upp á fimmtíu ára afmæli sitt. Í tilefni af því hafa Haukur Morthens og félagar leikið og sungið fyrir gesti og gangandi. Þeir munu halda því áfram fram á haustið, hvert föstudags- og laugardagskvöld.

Hótel Saga:


Hljómsveit Grétars Örvarssonar

Hljómsveit Grétars Örvarssonar leikur fyrir dansi á Hótel Sögu á föstudags- og laugardagskvöldum. HLH-flokkurinn skemmtir gestum staðarins sömu kvöld.

Hótel Borg:

Orator með dansleiki

Hótel Borg hefur tekið stakkaskiptum og þar eru aftur haldnir dansleikir á vegum Orators. Þar verður bryddað á ýmsum nýjungum, en andi síðastliðins vetrar mun svífa yfir vötnum.



Norræna húsið:

Ulla Sangervo-Lappalainen

Á morgun verður opnuð sýning á leirskúlptúrum eftir finnsku listakonuna Ulla Sangervo-Lappalainen í anddyri Norræna hússins.

Ulla Sangervo-Lappalainen fæddist í Turku og hóf feril sinn með því að vinna í postulínsverksmiðjum í Finnlandi og Svíþjóð. Hún stundaði nám við Konstfack-skólann í Stokkhólmi og Listiðnaðarskólann í Helsinki. Eftir það fékkst hún nokkuð við kennslu í keramik við ýmsa skóla í Finnlandi.

Sýningin verður opin á venjulegum opnunartíma Norræna hússins og stendur til 19. september.

Pöbb-Inn:

Hljómsveitin Rock-óla

Hljómsveitin Rock-óla leikur fimm daga vikunnar á Pöbb-Inn við Hverfisgötu 46, það er að segja frá miðvikudegi til sunnudags. Hljómsveitina skipa Ágúst Ragnarsson, Bobby Harrison, Pálmi Sigurhjartarson og Rafn Sigurbjörnsson.

Gestgjafinn:

Eyjakvöld

Svokölluð Eyjakvöld eru haldin föstudags- og laugardagskvöld á Gestgjafanum í Vestmannaeyjum. Yfirskrift þeirra er: Ég vildi geta sungið þér.

Flutt verða lög og ljóð eftir Oddgeir Kristjánsson, Ása í Bæ, Árna úr Eyjum, Gísla Helgason og Gylfa Ægisson. Þar að auki verður flutt hið nýja þjóðhátíðarlag eftir Lýð Ægisson og Guðjón Weihe.

Í tengslum við Eyjakvöldin verður boðið uppá pakkaferðir til Eyja.

Þessi kvöld verður framreiddur ýmiss konar matur sem dæmigerður má teljast fyrir Vestmannaeyjar.

FERÐIR

Hana-nú:

Farið í berjamó

Á morgun kl. 13.00 fara félagar í Fristundaklúbbnum Hana-nú í berjamó. Lagt verður af stað frá Digranesvegi 12.

Þátttöku skal tilkynna í síma 44677 í dag eða í síma 16603 í kvöld milli kl. 18.00 og 20.00.

Útivist:

Heigarferðir

Farið verður í Þórsmörk og hún skoðuð í haustskrúðanum. Gist í Básum. Einnig verður ferð um Fjallabaksleið syðri.

Dagsferðir á sunnudag

Þórsmerkurferð. Lagt af stað kl. 8.00.

Kl. 9.00 verður lagt af stað í ferð um Linuveginn sem er falleg öræfaleið frá Uxahryggjum um Hlöðuvelli að Gullfossi.

Selsvellir — Hraunssel — Ísólfsskáli er ný gönguleið. Hún verður gengin á sunnudaginn. Lagt af stað kl. 10.30.

Loks verður farið um Selatanga í Ísólfsskála undir leiðsögn Ísólfs bónda Guðmundssonar.

Allar upplýsingar fást í símum 14606 og 23732.

Athugið:

Þeir sem vilja koma upplýsingum í þátt þennan þurfa að skila þeim á ritstjórn Morgunblaðsins fyrir kl. 18.00 á miðvikudegi, eigi þær að birtast næsta föstudag.

Ferðafélag Íslands:

Helgarferðir

Í kvöld verður lagt af stað í ferðir í Þórsmörk og Landmannalaugar. Klukkan 8.00 í fyrramálið verður haldið inn að Emstrum hvaðan gengið verður í Þórsmörk. Þar verður gist.

Dagsferðir

Kl. 9.00 á sunnudaginn verður farið í gönguferð á Skriðuna. Ekið verður að Laugarvatni og gengið af Miðdalsfjalli á Skriðuna. Kl. 13.00 sama dag verður farið í haustferð á Þingvelli.